

## REGLUGERÐ

### um endurtekningu á atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga.

#### 1. gr.

Nú er tillaga umdæmanefndar samþykkt í a.m.k. 2/3 hlutaðeigandi sveitarfélaga og þau sveitarfélög ákveða að ganga til sameiningar, sbr. 3. mgr. 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, og er þá heimilt að endurtaka atkvæðagreiðslu um sameiningu í þeim sveitarfélögum, sem hafnað höfðu þeirri tillögu umdæmanefndar, enda samþykki allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir slíkt afbrigði.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 6. töluliðar 1. gr. laga nr. 75/1993 um breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 og öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. mars 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*